

**Nd.**

**327. Frumvarp til laga**

**[142. mál]**

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

**1. gr.**

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar svo stendur á, að setja þarf nýja aflvél í vélbát, sem lán hvílir á i stofnlánadeild sjávarútvegsins, þá skal stjórn stofnlánadeildarinnar heimilt að veita veðleyfi til þess að veðsetja megi skipið, ásamt hinni nýju vél, með fyrsta veðrétti fyrir nýju láni til vélakaupanna, er nemi allt að  $\frac{2}{3}$  hlutum af verði vélarinnar. Vikur þá hið fyrra stofnlán stofnlánadeildarinnar fyrir þessu nýja láni, enda liggi einnig fyrir samþykki síðari veðhafa, ef einhverjir eru, til þess að veðin færist þannig aftur.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Mikil brögð hafa orðið að því undanfarið, að aflvélar báta hafi bilað eða eyðilagzt, og hefur bátaútvegurinn fyrir þetta orðið fyrir miklum skakkaföllum. Nú hafa eigendur bátanna yfirleitt ekki haft tök á að endurnýja vélakostinn nema fyrir aðstoð lánsstofnana. Stofnlánadeild sjávarútvegsins hefur að lögum fyrsta veðrétt i bátum og vélum fyrir stofnlánum þeim, sem hún hefur veitt. Þess vegna hafa eigendur bátanna yfirleitt ekki getað útvegað lánsfé til kaupa á nýjum vélum, þar sem ekki eru nægilegar veðtryggingar aðrar fyrir hendi. Úr þessu er frumvarpi þessu ætlað að bæta, þannig að stjórn stofnlánadeildar sjávarútvegsins veitist heimild til þess að gefa veðleyfi vegna lána til kaupa á nýjum vélum, þegar brýn nauðsyn er fyrir hendi að áliti deildarinnar. Er þetta útláta- og áhættulaust fyrir deildina, því að veðtryggingar hennar aukast við það, að ný vél kemur í skipið.

Samhliða frumvarpi þessu er á Alþingi flutt frumvarp um breyting á lögum nr. 34 1943, um fiskveiðasjóð Íslands, sem gera á sjóðnum fært að sinna nokkuð lánsfjárbörf útvegsmanna að þessu leyti.“